



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 14. júní 2022

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: mán 14.06.2022 kl. 14:00

Mættir: Anna, Áróra, Íris, Alexandra, Sunna, Sirrý. Fjarverandi: Ragnar, Olga

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð – stjórn 2022-2023:

1. Ragnar Ómarsson (RÓ), formaður– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
2. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), gjaldkeri - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
3. Alexandra Kjeld (AK), ritari – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
4. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is
5. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), varamaður - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), varamaður – Reginn – sunna@reginn.is

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Fréttir úr starfi
2. Dagur Grænni byggðar
3. Önnur mál

1. Fréttir úr starfi

Áróra fór yfir stöðu nokkurra verkefna sem og fréttir úr starfi:

- CIRCON verður með pistil í Fréttablaðinu í vikunni undir „Skoðun“
- Rannsóknarverkefni „LCA fyrir vottaðar og óvottaðar byggingar“: Páll Hafstað er að vinna í verkefninu, EFLA (AP) mun rýna og Umhverfisstofnun mun koma með fjármagn til að gera sömu skoðun fyrir Svaninn. UST mun taka þátt í hagaðilagreiningu.
- Þrjár starfsstöðvar verða settar upp á HMS – Aðalsteinn Ólafsson, Ástrós Steingrímsdóttir munu hafa fastar starfsstöðvar þar og Áróra og Katarzyna munu deila einni starfsstöð. Aðalsteinn byrjar á morgun 15.6.22 í verkefninu Losunarlausir verkstaðir.
- VSÓ fær styrk til að afgreiða verkefni „Kortlagning og leiðbeiningar um nýtingarmöguleika mismunandi byggingarúrgangs“ (4,5mkr)
- WGBC er með árlega ráðstefnu í lok mánaðar, „Leadership summit“ 27. júní – 1. júlí Áróra hefur sótt um þátttöku fyrir hönd GB og fær styrk fyrir þátttöku. Hún mun upplýsa stjórn um áhugaverða viðburði og fyrirlesara jafnóðum.
- Rædd var kynning BGF verkefnisins, fimmtudaginn 9. júní sl., sem tókst vel til og gerði þátttöku Grænnar byggðar hátt undir höfði, en Þórhildur fyrrverandi frkv.stjóri á þar stóra hlutdeild að máli.



2. Dagur Grænni byggðar

Dagsetning var ákvörðuð 29. september.

Staðsetning var rædd. Iðnó mældist vel fyrir og verður salurinn athugaður, ellegar aðrir staðir í miðbæ Reykjavíkur.

Aðgangsgjald var rætt – ákveðið var að hafa eitt gjald fyrir félagsmenn (8þ), annað gjald fyrir aðra (10þ) – eða 7.900 / 9.900.

Rætt var þema Dags Grænnar byggðar. Sendur verður út póstur til allra aðildarfélaga um að leggja fram tillögur að erindum, þ.e. spennandi verkefni sem aðilar eru að vinna að. Út frá tillögum væri hægt að móta þemað betur - einskonar „State of the art“ í vistvænni mannvirkjagerð til að gera verkefnum aðildarfélaga hátt undir höfði sem og þeim lausnum og tækifærum sem eru þegar í boði.

Ræddir voru möguleikar á erlendum fyrirlesurum – t.d. aðilar sem sóst hefur verið eftir að fá á undanförunum árum sem og aðilar í núverandi norrænu samstarfi eða t.d. aðilar sem verða með áhugaverð erindi á WGBC ráðstefnunni í lok mánaðar.

Opið fyrir tilnefningar til 15. ágúst fyrir Grænu skófluna. Sendur verður póstur strax varðandi tilnefningar (tölvupóstur og tilkynning á samfélagsmiðlum), og g.r.f. áminningu eftir verslunarmannahelgi. Rætt var hver sendir inn tilnefningu og hver fær verðlaun - eigandi, arkitekt, verkfræðingur? Rætt var að eingöngu yrði gerður einn gripur (eitt verkefni sem margir aðilar koma að), þannig gæti t.d. eigandi fengið grip og aðrir fengju plögg eða lógó.

Næsti stjórnarfundur er settur 9. ágúst, en vinnuhópur fyrir Dag grænnar byggðar hittist mögulega í millitíðinni til að skipuleggja dagskrá o.fl., t.d. þegar tillögur liggja fyrir frá aðildarfélögum um erindi á DGB.

3. Önnur mál

Katarzyna mun annast rekstur félagsins að hluta til í sumar. Meðal verkefna eru : uppfærsla heimasíðu (stjórn, fundargerðir og annað efni), uppfærsla á netfangalista o.fl. Rætt var einnig að strax í haust væri tækifæri að bjóða aðilum að uppfæra félagsaðild (upp um flokka) sem og að bjóða nýjum félögum aðild. Hannaður verður gott kynningarefni í sumar til að senda út á vegum frkv.stjóra eða stjórnarmeðlima í ágúst.

Fleira var ekki gert, fundi slitið kl 15:20. Næsti stjórnarfundur boðaður 9. ágúst.